



Göngum í skólann 2011

Miðvikudaginn 7. september hefst alþjóðlega verkefnið Göngum í skólann. Um er að ræða verkefni sem skólar í allt að 40 löndum taka þátt í. Eins og undanfarin fjögur ár hefur Hofstaðaskóli skráð sig til leiks. Við vonum að sem flestir í skólasamfélaginu taki þátt s.s. nemendur, foreldrar og starfsmenn. Göngum í skólann lýkur síðan formlega með alþjóðlega göngudeginum **miðvikudeginum 5. október**.

Í ár tekur Ísland þátt í fimmta skipti í alþjóðlega verkefninu Göngum í skólann. Verkefnið hófst í Bretlandi árið 2000 og hefur þátttaka stöðugt farið vaxandi. Hér á landi stefnir í metþátttöku.

Meginmarkmið Göngum í skólann eru að hvetja nemendur og foreldra á Íslandi til að **ganga, hjóla** eða fara á annan virkan hátt **til og frá skóla**. Um leið er ætlunin að: **Hvetja til aukinnar hreyfingar** með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar. Kenna reglur um **öryggi á göngu og á hjóli**. **Draga úr umferð við skóla**: Draga úr umferðarpunga, mengun og hraðakstri nálægt skólum. Betra og hreinna loft ásamt öruggari og friðsælli götum og hverfi. **Stuðla að vitundarvakningu um ferðamáta og umhverfismál**: Hversu „gönguvænt“ umhverfið er og hvar úrbóta er þörf. Samfélagsvitund eykst. **Hvetja til heilbrigðs lífsstíls** fyrir alla fjölskylduna: Hreyfing vinnur gegn hjartasjúkdómum, offitu og sykursýki II og stuðlar að streitulosun, betri sjálfsmynd, o.fl.

Í hverjum bekk verður **skráð daglega** hvort nemendur koma gangandi/hjólandi í skólann. Í lok verkefnisins verða veittar viðurkenningar „Gullskór“ og viðurkenningarskjöl fyrir besta árangur á eldra og yngra stigi, en þá er litið til þess hve hlutfallslega margir nemendur koma gangandi eða hjólandi í skólann á meðan á verkefninu stendur.

Allir þessir þættir eru samtvinnuðir og eiga að stuðla að heilbrigðari lífsháttum og samræmast vel umhverfisstefnu skólans og aðgerðaráætlun Garðabæjar/Hofsstaðaskóla „Allt hefur áhrif einkum við sjálf“.